

Alþingi
Erindi nr. P 136/1449
komudagur 24.3.2009

Til: Iðnaðarnefndar Alþingis

Frá: Kristínu Völu Ragnarsdóttur, forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

Tekið skal fram að ég er óbundin pólitískum flokki og er með doktorspróf í jarðefnafræði og hef unnið við umhverfisrannsóknir undanfarin 25 ár.

Umsögn um Frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Mánudaginn 23. mars, 2009

Hér á eftir eru nokkur meginatriði sem ég geri athugasemdir við:

1. gr. Heimild (bls. 1)

- Það er óþægilegt að vita ekki hvaða orkuverð er verið að semja um og hvort verðið sé tengt álverði á alþjóðamarkaði. Þar sem Landsvirkjun er á ábyrgð þjóðarinnar er lágmark að við vitum hvað er verið að semja um. Minna má á fjármálahrúnið sem reynt var að fela fyrir þjóðinni vegna bankaleyndar.
- Hve langur tími er til þess að borga lánin fyrir nýju jarðhitaorkuverunum?
- Orðrómur er um að Rio Tinto og Century Aluminium séu að huga að kaupum á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja á sama tíma og CHINALCI sé að huga að kaupum á stórum hlut í Rio Tinto. Eignarhald á orkufélögunum er því óljóst og þarf að skýra.

4. gr. Skattlagning (bls. 3 liður 9a)

- Það er óráðlegt að leggja ekki á félagið umhverfisgjöld eða umhverfisfiskatta, sem tengjast losun lofttegunda CO₂ og SO₂. Í fyrsta lagi er nú í gildi EU ETS (European Union Emission Trading Scheme) fyrir CO₂ og þjóðin þarf að greiða þar fyrir tonnið (u.þ.b. 12€/t núna en var 30€/t sumarið 2008).
- Í öðru lagi þarf að leggja á félagið kvöð um að hreinsa SO₂ úr útblæstrinum til að koma í veg fyrir súrt regn, ryð, og eyðileggingu plantna (eins og hefur verið sýnt fram á á Hellisheiði nýlega).

6. gr. Innflutningur

- Hvers vegna er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innanlands vegna byggingar álversins?

9. gr. Gildistaka

3. Eignarhald álversins í Helguvík (bls. 7)

- Hvers vegna er Norðurál ehf. að fullu eign Century Aluminium Company? Er ekki eðlilegra að Íslendingar eigi hlut í fyrirtækinu?

4. Frávik frá reglum um skatta og gjöld (bls. 7 og 8)

- Hvers vegna er undanþága frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi?
- Hvers vegna er undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi?

5. Umhverfismál (bls. 8 og 9)

- Framleiðsla á 360.000 tonnum á áli myndar að minnsta kosti 587.000 tonn af CO₂ (ef efnahvörfin eru fullkomin) ekki 539.000 tonn!

6. Samningar vegna kaupa á raforku og flutningi á raforku til álversins í Helguvík (bls. 9)

- Hverir eru þessi samningar?

7. Áhrif á þjóðarhag (bls. 9-12)

- Gengið, sem hér er notað, er ekki nálægt núverandi gengi. Gengið í dag er yfir 112 krónur á dollar, ekki 105 eða 120 krónur. Erlendis er gengið talið vera allt að 200 krónum.
- Það ætti að gera tilkall til þess að allt vinnuafli verði íslenskt, ekki erlent (bls 12).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins (bls 15)

- Af hverju er skipulagsgjaldið einungis \$180.000?

Fylgiskjal VI

Orkusamningur milli OR og Norðuráls

- Ekki er skýrt hvaða reglugerðum Orkuveita Reykjavíkur þarf að fylgja vegna losunar CO₂ og H₂S úr jarðhitakerfunum (bls 42).
- Það er óviðunandi að raforkuverð sé trúnaður (bls 43).

Fylgiskjal VII

Orkusamningur milli Hitaveitu Suðurnesja Orku ehf. og Norðuráls Helguvíkur ehf.

- Um orkusamning ætti ekki að vera trúnaður (bls. 46).

Fylgiskjal VIII

Tengi- og flutningssamningur varðandi flutning raforku til álvers Norðuráls Helguvíkur sf. og milli Landsnets hf. og Norðuráls Helguvíkur ehf.

- Engar leiðbeiningar eru gefnar vegna sjónmengunar raforkulína til og frá jarðhitaorkuverum til álversins (bls 46-47).
- Ekki er gefið upp gjald fyrir raforku.
- Hér er enn einn leynisamningurinn á ferð – þar sem efni samningsins er trúnaðarmál (bls 48).

Fylgiskjal IX

Starfsleyfi fyrir álver Norðurál Helguvíkur sf. á lónaðarsvæðinu við Helguvík

- Hér vantar lýsingar á BREF skjali sem lýsir mengunarvörnum (bls. 49).
- Reykháfur – hvað þýðir „nægilega hár“ reyk háfur (bls. 51)?
- Mér er ekki ljóst af hverju heimilt á að vera að setja kælivatn frá afriðlum, vélbúnaði og steypuskála í fráveitu (bls. 51).
- Af hverju er sýrustig (pH) vatnsins ekki skilgreint fyrir kælivatn (bls. 52).
- Er ráðlegt að setja gjall frá frumframleiðslu á flæðigryfjur (bls. 53)?

Fylgiskjal X

Um állit Skipulagsstofnunar (bls 60)

- Enn vantar leyfi fyrir þeim virkjunum sem HS hyggst byggja.
- Einnig eru flutningsleiðir raforkunnar og lagning raforkulína) ekki ákveðnar.
- Hér er þess getið að það þurfi losunarheimild fyrir gróðurhúsalofttegundir en fyrr í skjalinu kemur fram að það hafi nú þegar verið veitt
- Þess þarf að gæta að orkuverin hreinsi H_2S úr gasinu áður en því er hleypt út í andrúmsloftið.
- Einnig mætti setja inn ákvæði að CO_2 úr orkuverum og álverinu ætti að vera notað til eldsneytisframleiðslu (metanol) eins og tilraunir í Svartsengi sýna að unnt sé að gera.